

Skýrsla GDLH fyrir starfsárið 2018

Upphaf starfsárs og úthlutun ábyrgðastarfa

Stjórn félagsins var kosin á aðalfundi í lok október 2017. Pétur Vopni gaf ekki kost á sér áfram.

Stjórn GDLH 2017-2018

Magnús Sigurjónsson, formaður

Ágúst Hafsteinsson, gjaldkeri

Gísli Guðjónsson, meðstjórnandi

Ólafur Árnason, gjaldkeri

Ingibergur Árnason, meðstjórnandi

Helga Claessen og Stefán Ágústsson voru kosin varamenn

Frá upphafi starfsárs lá fyrir að starfsemi félagsins yrði með svipuðum hætti og árið áður: að stjórn og fræðslunefnd skildu starfa náíð saman og áhersla yrði lögð á að halda áfram að efla fræðslustarfið og styrkja tengslanet félagsins á erlendri grundu.

Fyrsti formlegi fundur stjórnar var haldinn stuttu eftir aðalfund og var þar skipað í fræðslunefnd. Gísi Guðjónsson, formaður. Aðrir: Marjolijn Tiepen, Valdimar Ólafsson, Sindri Sigurðsson og Valur Valsson.

Fundir stjórnar og fræðslunefndar

Á starfsárinu voru haldnir 10 formlegir fundir stjórnar ásamt fjölmörgum vinnufundum og undirbúningi fyrir fræðslustarf. Fundir fara iðulega fram í húsakynnum LH í Laugardal, en símafundir tíðkast einnig þegar við á.

Fræðslustarf félagsins

GDLH hélt upprifjunarnámskeið hérlendis og erlendis ásamt eini ný- og landsdómaranámskeiði hér heima.



Námskeið innanlands

Líkt og fyrri ár að þá er stærsti viðburður í fræðslustarfi félagsins upprifjunarnámskeið GDLH á höfuðborgarsvæðinu sem að þessu sinni fór fram í Víðistaðaskóla, í mars. Líkt og árið áður var lagt upp með gagnvirka fræðslu og umræðu. Gunnar Reynisson var fyrirlesari námskeiða Stuttu síðar var haldið sambærilegt upprifjunarnámskeið á Blönduósi.

Námskeið erlendis

Upprifjunarnámskeið var haldið í Svíþjóð og Danmörku

Námskeið í Þýskalandi verður nú í lok nóvember sem er stórt skref fyrir félagið.

Úthlutun dómara innanlands

Stjórn stóð að úthlutun gæðingadómara á öll gæðingamót á Íslandi á vordögum. Aðeins virkir gæðingadómarar geta tekið þátt í dómstörfum á ári hverju.

Sambærileg framkvæmd var á úthlutun milli ára. Stjórn GDLH útlistaði drögum að úthlutun sumarsins og sendi á alla félagsmenn. Félagsmenn höfðu þá svigrúm til þess að rýna í dagskránnu og biðja um breytingar ef þess væri þörf.

Þrátt fyrir að dómarar hafi gott svigrúm til að aðlaga úthlutun að eigin dagskrá er ljóst að róteringar á skipan dómara rétt fyrir gæðingamót er ennþá í hærri kantinum. Einnig er ljóst að síaukið álag fyrstu helgarnar í júní er ekki að hjálpa til. Vert er að skoða þann möguleika að ræða við félögin um að dreifa álaginu á fleiri helgar.

LM í Reykjavík

Í júlí var LM haldið í Reykjavík. 14 dómarar voru valdir til þess að dæma mótið. Dómstörf gegnu vel en auk hefðbundinna dómastarfa voru haldnir fundir til þess að fara yfir hluti, stilla saman strengi og gera gott starf enn betra. Mikill darraðadans var við úthlutun dómara á mótið og þarf að laga ýmsa verkferla svo þetta endturtaki sig ekki og liggur m.a tillaga fyrir LH þingi þess efnis.